

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 28. mars 2019
UST201901-418/A.B.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Matsskyldufyrirspurn- Sultartangastöð Viðbótarumsöng

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. mars sl. þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum m.t.t. svara Landsvirkjunar dags. 20. mars sl.

Framkvæmdin

Í greinargerð kemur fram að Landsvirkjun (hér eftir framkvæmdaaðili) hefur hug á að auka afl Sultartangastöðvar um allt að 8MV sem felur í sér aukningu á rennsli um Sultartangastöðina úr $322 \text{ m}^3/\text{s}$ í allt að $380 \text{ m}^3/\text{s}$. Auk þess kemur fram að gera þarf breytingar á vélbúnaði stöðvarinnar, en engar breytingar eða viðbætur eru gerðar á mannvirkjum. Áætluð aukning á orkuframleiðslu er um 17 GWh/ári.

Umhverfi og jarðrask

Í greinargerð kemur fram helstu framkvæmdir eru innandyra í stöðvarhúsinu þar sem gera þarf breytingar á vélbúnaði stöðvarinnar, en engar breytingar eða viðbætur eru gerðar á mannvirkjum og framkvæmdin felur ekki í sér jarðrask utandyra. Í greinargerð kemur fram að engin sýnileg breyting verði á vatnshraða í frárennslisskurðum, en líklega þurfi að fara í styrkingu á frárennslisskurði með auknu rennsli vatns sem fer um stöðina.

Þar sem að aukið rennsli vatns fer um stöðina mun vatnsrennsli aukast um frárennslisskurð sem getur leitt til aukins rofs á bökkum skurðarins. Í greinargerð kemur fram að þegar hefur átt sér stað rof á bökkum skurðarins og var strax brugðist við með viðeigandi aðgerðum. Í umsögn Umhverfisstofnunar 15. febrúar sl. tekur stofnunin undir mikilvægi þess að nýjar styrkingar verði gerðar til að koma með fyrirbyggjandi rof á bökkum skurðarins og mikilvægt sé að frágangur við framkvæmdina sé til fyrirmynðar.

Lífríki, mótvægisáðgerðir og vöktun

Í greinargerð kemur fram að framhjárennsli í Þjórsá verður minna en nú er sem nemur að meðaltali um $10-20 \text{ m}^3/\text{s}$ stuttum kafla milli Sultartangalóns og Bjarnarlóns. Auk þess kemur fram að ekki er gerð ráð fyrir neinum frekari áhrifum á lífríki vegna breytinga á Sultartangastöð. Tími frárennslis í gamla farvegi Þjórsár mun styttast og vatn fer þar um

færri daga ársins en áður. Þar eru í dag hins vegar margir dagar á ári án rennslis og því ekki um eiginlegt vatnalíf að ræða.

Í umsögn Umhverfisstofnar frá 15.febrúar sl. telur stofnunin mikilvægt að það komi fram hver áhrif vegna minnkandi rennsli á um 11 km kafla milli Sultartangalóns og Bjarnarlóns vegna Sultartangastöðvar hafa verið á vistkerfið á svæðinu. Auk þess óskaði Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um til hvaða aðgerða framkvæmdaaðilinn mun grípa til vegna vaktana á lífríki í vatnshlotinu og til hvaða mótvægis aðgerða verður farið í til að viðhalda rennsli í Þjórsá og til að viðhalda vatnalífi.

Í svari framkvæmdaaðila í bréfi til Skipulagsstofnunar frá 20.mars sl. segir að engar upplýsingar séu til um vistkerfi svæðisins frá því fyrir virkjun og því sé erfitt að framkvæma slíkt mat á þessu stigi. Líklegt er að hafi fiskur eða annað vatnalíf verið á svæðinu fyrir virkjun sé það nú horfið þar sem ekkert vatn rennur um farveginn stóran hluta ársins og því eru umhverfisáhrif framkvæmdanna þegar komin fram. Auk þess segir framkvæmdaaðili að fyrirhuguð framkvæmd breyti ekki núverandi stöðu og að áhrif á vatnalíf í farveginum séu þegar komin fram og hafa verið óbreytt frá því að rekstur stöðvarinnar hófst. Aflauknningin breytir því ekki eða hefur áhrif á núverandi umhverfi eða framtíðar fyrirkomulag varðandi rennsli árinnar.

Vatnamál

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem hefur breytt lagaumhverfi nýrra virkjana. Sérstaklega er minnt á ákvæði 13. gr. laganna um manngerð og mikið breytt vatnshlot þar sem fram kemur að ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots skal verndað þannig að það versni ekki og skal styrkja ástand þess með það að markmiði að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand þess sé gott. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni í slíku vatnshloti. Vinnan við mat á því hvort vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt stendur nú yfir hjá Umhverfisstofnun í samvinnu við samstarfsstofnanir undir stjórn vatnamála.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif framkvæmdanna á stöðvarhúsið vera óverulega þar sem einungis er verið að gera breytingar á vélbúnaði innandyra. Framkvæmdaraðili telur líklegt að fiskur eða annað vatnalíf sem hafi verið á svæðinu fyrir virkjun en sé nú horfið þar sem ekkert vatn rennur um farveginn í dag stóran hluta ársins og því umhverfisáhrif framkvæmdanna þegar komin fram.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér út frá núverandi nýtingu og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur